GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Menntamálastofnun
Víkurhvarfi 3
203 Kópavogur

Garðabæ, 02. september 2015
*Mál nr.* 1509040

Efni: Fyrirspurn um undanþágur og fjarvistir í samræmdum könnunarprófum.

Í bréfi dagsettu 24. ágúst 2015 er óskað skýringa á fjarvistum nemenda í Garðabæ í samræmdum könnunarprófum árið 2014. Eins bent hefur verið á áður áttu sér stað mistök við gerð skýrslu þáverandi Námsmatsstofnunar um samræmd próf 2014. Þar eru nemendur í 7. bekk Sjálandsskóla sagðir vera 49 hið rétta er að nemendur voru 30. Í samtali við Námsmatsstofun í vor var bent á að skýringa kynni að vera að leita í því að í Sjálandsskóla er samkennsla árganga og 6. og 7. bekk kennt saman.

Sjá meðfylgjandi afrit af minnisblaði sem fór fyrir skólanefnd vegna þátttöku í samræmdum prófum.

Virðingarfyllst,

Katrín Friðriksdóttir
deildarstjóri skóladeildar

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Hlutfall nemenda sem þreytti samræmd próf í Garðabæ haustið 2014**

## 4. bekkur

| | **Garðabær** | Landið | Nágrenni Rvk |
|---|---|---|---|
| íslenska | **87,60%** | 88,00% | 89,90% |
| stærðfræði | **88,00%** | 89,60% | 91,00% |

Tölurnar hér að ofan eru fengnar úr skýrslu Námsmatsstofnunnar
http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/samramd_prof/skyrsla_nidurstodur_2014.pdf
Við nánari athugun hefur komið í ljós að Námsmatsstofnun hefur ekki haft réttar upplýsingar um fjölda nemenda í einstökum skólum við gerð skýrslunnar því ber tölum ekki saman. Í Sjálandsskóla hafa t.a.m verið 21 nemandi í 4. bekk í allan vetur en samkvæmt skýrslunni eru þeir 33. Því ber talsvert í milli og þátttaka betri en skýrslan gefur til kynna. Stjórnendur Sjálandsskóla hafa þegar haft samband við Námsmatsstofnun vegna þessa.

| | **Álftanesskóli** | **Barnaskólinn** | **Flataskóli** | **Hofsstaðaskóli** | **Sjálandsskóli** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Íslenska** | (46/51)90% | (37/40)93% | (41/45) 91% | (68/68) 100% | (21/21) 100% |
| **Stærðfræði** | (47/52)92% | (37/40)93% | (42/45) 93% | (67/68) 98% | (21/21)100% |

## 7. bekkur

| | **Garðabær** | Landið | Nágrenni Rvk |
|---|---|---|---|
| íslenska | **89,40%** | 89,20% | 91,00% |
| stærðfræði | **89,00%** | 89,50% | 91,30% |

Í 7. bekk Sjálandsskóla eru nemendur samkvæmt áður nefndri skýrslu 49 talsins en í raun eru þeir 30. Þannig að raunveruleg prófþátttaka í 7. bekk er einnig betri en skýrslan gefur til kynna.

| | **Álftanesskóli** | **Barnaskólinn** | **Flataskóli** | **Hofsstaðaskóli** | **Sjálandsskóli** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Íslenska** | (34/34)100% | (21/21)100% | (53/56)95% | (66/68)97% | (29/30) 97% |
| **stærðfræði** | (33/34) 97% | (21/21)100% | (54/56)96% | (66/68)97% | (28/30) 93% |

## 10.bekkur

| | **Garðabær** | Landið | Nágrenni Rvk |
|---|---|---|---|
| íslenska | **95,20%** | 88,30% | 92,60% |

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

| | | | |
|---|---|---|---|
| stærðfræði | **94,70%** | 87,60% | 91,70% |
| enska | **95,20%** | 89,80% | 93,20% |

Tölulegar upplýsingar um fjölda nemenda í einstöku skólum í skýrslu Námsmatsstofnunnar eru nær því að vera réttar fyrir 10. bekk. *Einn nemandi í Sjálandsskóla var á undanþágu v. tungumáls kom úr Alþjóðaskóla.

| | **Álftanesskóli** | **Garðaskóli** | **Sjálandsskóli** |
|---|---|---|---|
| **íslenska** | (36/39)92% | (137/144)95% | (6/8) 75%* |
| **stærðfræði** | (37/39)95% | (136/144)94% | (7/8 ) 88%* |
| **enska** | (36/39)92% | (137/144)95% | (7/8) 88%* |

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026